

Minnispunktur frá fundi um Sauðfjárveikivarnir

Málsaðili : Félag sauðfjábænda í Rangárvallasýslu
Tengiliður :
Dagsetning : 02.02.2017
Númer : 1611064
Flokkur : 13.12 Landbúnaður

Efni : **Minnispunktur frá fundi um Sauðfjárveikivarnir**

Miðjan á Hellu ? kl 10:00-11:30 þann 26 janúar 2017

Mætt: Gunnar Þorkelsson og Sigrún Bjarnadóttir frá MAST, Erlendur Ingvarsson Skarði, Ágúst Jensson Butru, Þórir Már Ólafsson Bollakoti og Ágúst Sigurðsson sv.stj. (punktar).

Efni fundar: Ályktun frá sveitarstjórn Rangárþings ytra (11.01.2017) með ósk um sameiginlegan fund um framtíð og þýðingu sauðfjárveikivarna í Rangárvallasýslu.

Fundarboð var sent á MAST, skrifstofur Ásahrepps og Rangárþings eystra og formann félags sauðfjábænda í Rangárvallasýslu.

Rætt um gildi varnarlínunnar um Þjórsá og reglur um flutning á skepnum og heyi. Farið yfir reglur sem gilda. Landbúnaðartæki má ekki flytja á milli nema að undangenginni sótthreinsun. Sauðfé má alls ekki flytja og nær engar undantekningar á því (hrútaflutningar, fjárskiptasvæðin). Strangt hvað varðar búfjáraður og hvað varðar t.d. hey og torf þarf að skoða nákvæmlega hvaðan kemur ef gefa á leyfi.

Gert er ráð fyrir undantekningum skv. lögum og reglum og ef herða á þessar reglur þarf breytingar á þeim.

Reglugerðin nr. 651 er frá 2001 og er komið á tíma að endurnýja hana.

Fundarmenn sammála um að vinnureglan eigi að vera sú að ekki séu leyfðir heyflutningar úr varnarhólfi vestan Þjórsáe nema í algjörum neyðartilfellum (eldgos, uppskerubrestur oþh). Fundarmenn jafnframt sammála um að fulltrúar MAST og Félags sauðfjábænda eigi að setjast yfir reglugerðir og gera sameiginlegar breytingatillögur til ráðuneytis.

Fundarmenn telja jafnframt ástæðu til að kynna varnarlínuna betur m.a. með greinarskrifum í Bændablaðið og eftir atvikum auglýsingum í Dagskránnu og Búkollu. Jafnframt væri ástæða til að birta varúðarorð í Hrútaskránni. SB vinnur að grein til slíkrar birtingar og mun m.a. útvega efni í auglýsingu fyrir Búkollu sem ÁS mun sjá um að koma þangað.